

## EKKO FORVARNIR Í ML

Það er í samræmi við stefnu ML um *aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi* að vinna ötullega að forvörnum í málaflokknum. Ofbeldisforvarnirnar miða að því að í ML ríki menning virðingar og jafningjasamskipta þar sem ofbeldi og áreitni fær ekki þrifist.

Tekið skal mið af ólíkum þörfum og aðstæðum kynjanna og mismunandi einstaklinga og hópa, svo sem fatlaðra, hinsegin og þeirra sem hafa annað móðurmál en íslensku.

Skólameistari ber ábyrgð á að unnið sé eftir forvarnaáætlun þessari.

### Samskiptasáttmáli ML

*Úr þingsályktun nr. 37/150: Auk þess að fyrirbyggja að börn og ungmenni verði fyrir kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni skal með forvörnum stuðlað að menningu virðingar og jafningjasamskipta þar sem ofbeldi og áreitni fær ekki þrifist. Börn og ungmenni eiga rétt á öruggu umhverfi í námi og tómsundum jafnt sem á heimili sínu og stjórnvöld skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja það.*

Það er mikilvægt að efla vitund allra í skólasamfélaginu um jákvæð samskipti og að þau einkenni allt starf skólans. Á vef skólans er svæði sem heitir Góð samskipti. Þar er m.a. samskiptasáttmáli ML sem nemendur og starfsfólk eiga að þekkja og tileinka sér. Í október ár hvert sendir námsráðgjafi út vikupósta á alla í skólanum, með umfjöllun um sáttmálann og jákvæð samskipti. Einnig er haldið á lofti hugmyndafræðinni um *áhorfendamiðaða nálgun*, svo nemendur og starfsfólk þekki leiðirnar þrjár: trufla, deila ábyrgðinni og grípa inn í.

### Lífsleikni og umsjón

Fyrir hvert haust er sett upp samræmd áætlun fyrir lífsleiknitíma og umsjónartíma þar sem skýr áhersla er á jákvæð samskipti, tilfinningar og sjálfsmynd, fjölbreytileika, umburðarlyndi, samstarfshæfni o.fl. EKKO-kerfið er kynnt nemendum í umsjónartímum.

Umsjónarkennarar stuðla að góðri bekkjarheild og mynda tengsl við sína nemendur.

### Djúpstæð þekking

*Úr þingsályktun nr. 37/150: Kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni á hvergi að eiga sér stað í íslensku samfélagi. Þessi samfélagslegi vandi verði upprættur með samstilltu átaki byggðu á djúpstæðum skilningi á eðli og afleiðingum kynferðislegs og kynbundins ofbeldis og áreitni.*

Allt starfsfólk skal fá fræðslu á vegum skólans um málaflokkinn og haldin er *skrá yfir hæfni og þjálfun* (í EKKO-handbók skólans). Sérstaklega skal hugað að

þekkingu og hæfni þeirra sem sitja í EKKO-teymi, umsjónarkennara, vistarvarða og stjórnenda.

Starfsfólk er hvatt til að sækja námskeið og símenntun í tengslum við einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi.

Nemendur fá fræðslu um mismunun og fordóma, þar á meðal um kynbundið ofbeldi og áreitni, í kynjafræðiáfangi á fyrsta ári, sem er skylduáfangi fyrir alla nemendur. Í áfanganum er fjallað um ólíkar mismunabreytur eins og holdafar, uppruna og kynhneigð. Virðing og mörk eru meðal þess sem er tekið fyrir. Í félagsfræði er sérstaklega fjallað um kynþáttafordóma, umburðarlyndi og fjölbreytileika.

## Markviss viðbrögð

*Úr þingsályktun nr. 37/150: „Forvarnir til framtíðar skulu einnig fela í sér markviss viðbrögð við kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni og hegðun sem ýtir undir slíkt. Markviss viðbrögð taki einnig til þeirra sem beita ofbeldi svo að þeir axli ábyrgð á gjörðum sínum. Slíkt hefur forvarnagildi í sjálfu sér.“*

Stefnur, áætlanir, verklagsreglur og handbók skólans í EKKO málum tryggja að faglega sé unnið að málum. Þessum skjölum skal viðhalda og kynna. Áætlun um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi er kynnt með reglubundnum hætti (í umsjón, á heimasíðu skólans, á skólaskjá og með tölvupósti).

## Félagslíf

Litið er á öflugt félagslíf og tómsstundir sem forvörn gegn slæmum samskiptum. Stutt er við nemendafélagið Mími og Starfsmannafélag skólans eftir fremsta megni, þannig að sköpuð séu tækifæri og svigrúm til að sinna uppbyggilegu og jákvæðu félagslífi.

## Jafnréttisráð og hinseginfélagið Yggdrasill

Jafnréttisstefna skólans er mikilvægur liður í EKKO forvörnum. Þar eru jafnréttismál í víðum skilningi sett á dagskrá, unnið er með gátlista heilsueflandi framhaldsskóla um jafnrétti og kynheilbrigði, haldnir fræðslufyrirlestrar/viðburðir í nafni jafnréttisráðs eða hinseginfélagsins o.s.frv..

## Mat og umbætur

Reglulega eru könnuð líðan nemenda og starfsfólks í skólum, sem og tíðni eineltis, ofbeldis og áreitni (Framhaldsskólupúlsinn, Ungt fólk, Stofnun ársins). Niðurstöður eru kynntar og nýta þær til úrbóta. Formaður sjálfsmatsnefndar ber ábyrgð á því og vinnur að umbótaáætlun í samráði við stjórnendur. Aðgerðir eru unnar í samvinnu við verkefnastjóra heilsueflandi framhaldsskóla, jafnréttisráð og aðra eftir því sem við á.